

Táknmálskennsla í grunnskólum

LOKASKÝRSLA TIL SPROTASJÓÐS 2020 - 2021

Guðrún Edda Bentsdóttir
SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐ REYKJAVÍKURBORGAR | NR. UMSÓKNAR: 97

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Markmið verkefnis samkvæmt umsókn	2
Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði	2
Frávik miðað við áætlun verkefnisins	2
Helstu hindrarnir sem komu upp við vinnu verkefnisins.....	3
Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu	3
Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:.....	3
Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum	3
Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um	4

Inngangur

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 26. mars 2019 var lögð fram tillaga frá ungmennaráði Breiðholts um að borgarstjórn feli skóla- og frístundaráði að innleiða táknmálskennslu í alla grunnskóla Reykjavíkurborgar eigi síðar en á vorönn 2020. Við nánari athugun á málinu kom í ljós að ekki varð hægt að vinna málið með þeim hætti að að hægt væri að bjóða upp á táknmálskennslu í öllum grunnskólum borgarinnar á þessum tíma. Í staðinn var ákveðið að reyna að bjóða upp á námskeiðin á næsta skólaári, 2020 - 2021. Í greinargerð með tillögunni var bent á að um 300 Íslendingar líti á táknmál sem sitt fyrsta mál en að hlutfallslega fáir tali táknmál og þar af leiðandi upplifi þessi hópur ákveðna félagslega einangrun. Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) kemur fram að traust kunnáttá i íslensku táknmáli og íslensku sé ein meginstoð staðgóðrar menntunar heyrnarlausra og heyrnarskertra og að námsgreinin tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku sé skipulögð sem heildstæð námsgrein eins og á við um íslensku sem móðurmál. Í skýrslu um frumkvæðisúttekt á námi táknmálstalandi nemenda í Hlíðaskóla sem unnin var fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið 2019 kom fram að efla þyrfti táknmálskennslu fyrir alla nemendur í þeim skóla. Einnig kom fram að tækifæri til umbóta væri fólgioð í að efla fræðslu um táknmál og menningu heyrnarlausra. Í skýrslunni kemur einnig fram að nemendur í Hlíðaskóla voru ánægðir með þá kennslu sem þeir fengu í táknmáli en töldu að hún þyrfti að vera meiri. Foreldrar og forráðamenn nemenda töldu einnig að leggja þyrfti meiri áherslu á táknmálskennslu fyrir heyrandi nemendur en nú er gert. Þessar niðurstöður benda til þess að efla þurfi kennslu í íslensku táknmáli fyrir aðra nemendur í grunnskólum borgarinnar einnig.

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið verkefnisins skv. umsókn var að bjóða upp á táknmálsnámskeið í vali fyrir nemendur í 8. - 10. bekk í öllum borgarhlutum í Reykjavík. Markmiðið var einnig að auka færni nemenda í 8. - 10. bekk í táknmáli og þekkingu þeirra á menningu heyrnarlausra, auka möguleika þeirra á að eiga samskipti við táknmálstalandi og draga úr einangrun táknmálstalandi einstaklinga í samfélagit.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Öllum grunnskólum í Reykjavík með 8. - 10. bekk var boðið að taka þátt í verkefninu með því að bjóða upp á valnámskeið í táknmáli fyrir nemendur í 8. – 10. bekk. Stefnt var að því að bjóða upp á eitt námskeið í hverju hverfi eða samtals fimm námskeið. Námskeiðin voru unnin í samstarfi við Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og voru kennarar á námskeiðunum allir kennarar á vegum Samskiptamiðstöðvar.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Námskeiðin voru auglýst með tölvupósti til skólastjóra í borginni. Mikill áhugi reyndist meðal grunnskóla austan Elliðaáa á að bjóða upp á námskeið um táknmálskennslu en erfiðlega reyndist að finna heppilegan tíma fyrir sameiginleg valnámskeið fyrir nemendur í 8. – 10. bekk í grunnskólunum vestan Elliðaáa. Niðurstaðan var því sú að bjóða upp á námskeið í sex skólum; þremur í Breiðholti, einum í Úlfarsárdal og tveimur í Grafarvogi. Þátttökuskólar voru: Breiðholtsskóli, Dalskóli, Foldaskóli, Seljaskóli, Víkurskóli og Ölduselsskóli. Hvert námskeið var á 18 skipti eða 36 kennslustundir. Á

haustönninni voru samtals 48 nemendur á þremur námskeiðum en á vorönn 2021 voru þátttakendur 45 á fjórum námskeiðum sem þá voru í boði.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Samkomutakmarkanir og sóttvarnarráðstafanir vegna Covid höfðu vissulega áhrif á framkvæmd verkefnisins. Ekki reyndist unnt að bjóða upp á sameiginleg valnámskeið í hverfum þar sem blöndun nemendahópa milli skóla var ekki heimiluð á tímabili, heldur var þeim skólum þar sem mestur áhugi var meðal nemenda boðið að taka þátt í námskeiðunum. Kennrarar á vegum Samskiptamiðstöðvar fengu heimild til að koma í þátttökuskólana og kenna á námskeiðunum í hverjum skóla fyrir sig. Í einhverjum tilvikum á stuttum tímabilum fór kennslan fram í gegnum fjarfundabúnað þar sem kennrarar fengu ekki leyfi til að koma inn í skólana. Einnig var á tímabili allt val fellt niður en þá fengu nemendur verkefni send í tölvupósti.

Helsti áviningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Samkvæmt umsókn var áætlaður afrakstur og áviningur verkefnisins aukin færni þátttakenda í táknmáli, aukinn möguleiki á að eiga í samskiptum við táknmálstalandi einstaklinga og að draga úr einangrun táknmálstalandi.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Að mati kennara á námskeiðunum var mikill áhugi og virkni hjá nemendum á námskeiðunum. Nemendur lærðu grunn í íslensku táknmáli og kynntust menningu og sögu táknmálssamfélagsins og öðluðust þar með möguleika á að eiga í samskiptum við táknmálstalandi einstaklinga hér á landi og þar með að draga úr einangrun þeirra.

Tveir skólar hafa lýst yfir áhuga á að bjóða upp á sambærileg valnámskeið á næsta skólaári og eru að skoða möguleika á að fjármagna þau námskeið á eigin kostnað. Fleiri skólar hafa sett sig í samband við Samskiptamiðstöðina til að kanna hvort námskeiðin verði aftur í boði en endanleg ákvörðun ekki verið tekin.

Kynning á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Tilboð um námskeið var kynnt vel fyrir öllum grunnskólum í borginni á yfirstandandi skólaári til að hvetja til þátttöku í námskeiðunum. Stefnt er að því að þátttakendur á námskeiðinu kynni árangur af þátttöku fyrir samnemendum, Reykjavíkurráði ungmenna sem átti upphaflegu hugmyndina af verkefninu og skóla- og frístundaráði sem samþykkti að fela skrifstofu skóla- og frístundasviðs að útfæra hugmyndina. Vegna samkomutakmarkana hefur formleg kynning á námskeiðunum ekki farið fram enn þá en stefnt er að því að svo verði á haustönn 2021.

Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um
Að mati kennara á námskeiðunum tókust námskeiðin einstaklega vel og og að lang flestir nemendur
hafi haft mikinn áhuga á að læra íslenskt táknmál og kynnast menningarheimi sem þeir kunnu engin
skil á fyrir námskeiðið. Það var allnokkur áskorun fyrir kennarana á námskeiðunum að kenna
grunnskólanemendum sem höfðu enga tengingu við táknmál fyrir námskeiðin. Þrátt fyrir óhagstæð
ytri skilyrði lögðust allir hagsmunaaðilar á eitt um að láta hlutina ganga, þ.e. nemendur, stjórnendur
og kennrarar í þátttökuskólunum ásamt starfsfólk Samskiptamiðstöðvar.

Aðstandendur verkefnisins eru þakklátir Sprotasjóði fyrir þann styrk sem fékkst til að kynna íslenskt
táknmál fyrir grunnskólanemendum.

Dagsetning: Reykjavík 24. júní 2021

Gunnar E. Baldur

Undirskrift verkefnisstjóra

Reymin Áradóttir

Undirskrift verkefnisstjóra SHH

